




Moldun

Alt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Sjómannavalsinn

Svavar Benediktsson - Kristján frá Djúpalek



Prestur: Sigríður Rún Tryggvadóttir

Einsöngur: Helga Kolbeinsdóttir og Vilhjálmur Ólafsson

Gítar: Vilhjálmur Ólafsson

Organisti: Rusa Petriashvili

Kór Seyðisfjarðarkirkju

Meðhjálpari: Jóhann Grétar Einarsson

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Herðubreið að athöfn lokinni.*



Kjartan Heiðberg Björgvinsson

Fæddur: 6. janúar 1940

Dáinn: 28. apríl 2023



*Útför frá Seyðisfjarðarkirkju
þriðjudaginn 9. maí kl. 14:00*

Forspil
Ave María
Schubert



Signing og bæn

Ég horfi yfir hafið
um haust af auðri strönd,
í skuggaskýjum grafið
það skilur mikil lönd.
Sú ströndin strjála' og auða
er stari' eg héðan af
er ströndin stríðs og nauða,
er ströndin hafsins dauða
og hafið dauðans haf.

Þar sé ég sólu fegri
á súlum standa höll
í dýrð svo dásamlegri,
hún drifin gulli' er öll.
Þar sé ég fylking fríða
og fagurbúna sveit
um ljóssins sali líða
með ljóssins ásynd blíða
í unaðs aldinreit.

Er þetta hverful hilling
og hugarburður manns?
Nei, það er fögur fylling
á fyrirheitum hans
er sýnir oss í anda
Guðs eilíft hjálparráð
og stríðsmenn Guðs þar standa
við stól hins allsvaldanda.
Þar allt er eilíf náð.

Tegernsee - Valdimar Briem

Ritningarlestur

Einsöngur
Nú sefur jörðin sumargræn
Þorvaldur Blöndal - Davíð Stefánsson

Ritningarlestur

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í paradís.
Við götu mína fann ég fjarlstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpan leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson

Guðspjall



Einsöngur
Heyr mína bæn
Nicola Salerno - Ólafur Gaukur

Minningarorð

Einsöngur
Söknudur
Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson

Miskunnarbæni

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman - Matthías Jochumsson

Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson